# BRENDAN

Hver fann Ameríku?
Kristófer Columbus? Leifur heppni Eiríksson?
Eða kannski heilagur Brendan?

Gömul írsk sögn frá 6. öld (Navigatio Sancti Brendani Abbatis) segir frá St. Brendan, sem ásamt 17 öðrum írskum munkum sigldu til hins "Fyrirheitna lands dýrlinganna" (Terra Repromissionis Sanctorum), - einhvers staðar langt vestan Atlandshafs. Segir sagan, að þeir hafi ferðast á báti gerðum úr nautshúðum og viði (Curragh). Tók ferðin 7 ár og var afar ævintýrarík.

Hinn 17. maí 1976 héldu nokkrir menn á skinnbáti frá þeim stað á Írlandi (Crosshaven), þar sem hin gamla sögn segir að heilagur Brendan hafi lagt upp í sína för um 14 öldum fyrr. Leiðangursmenn ætluðu að fara í slóð hans og sanna með því hina fornu arfsögn. Skipstjóri og leiðangursstjóri var breskur blaðamaður, Timothy Severin. Báturinn, sem bar nafnið BRENDAN, var smíðaður úr viði og nautshúðum og síðan þéttur með feiti. Lengd hans var 36 fet.

Leiðangursmenn sigldu fyrst til Hebrideseyja vestur af Skotlandi. Þaðan héldu þeir (17. júní) til Færeyja og þaðan til Íslands. Hinn 17. júlí 1976 sigldu þeir inn á höfnina í Reykjavík.

Vegna óhagstæðra veðurskilyrða og þar sem haust var í nánd, ákvað Severin leiðangursstjóri að bíða með framhald ferðarinnar til næsta vors.

Báturinn var tekinn á land í Reykjavík og geymdur í flugskýli Landhelgisgæslunnar yfir veturinn.

Í maí 1977 héldu þeir félagar frá Reykjavík áleiðis til Nýfundnalands. Ferðin gekk seint vegna slæms veðurs, íss og fleiri hindrana.

Að kvöldi hins 26. júní 1977 lenti Brendan á Packford eyju á Nýfundnalandi, - einu ári og sex vikum síðar en leiðangursmenn léttu akkerum á Írlandi.

----

Báturinn Brendan er varðveittur á safni á Írlandi til minninga um þessa fræknu för Severin og félaga.

Þeir hlutir úr bátnum Brendan sem hér eru varðveittir (nautshúð, seymi og kjölur (hléborð)), gáfu þeir Gísli Ólafsson og Berent Th. Sveinsson, - starfsmenn Landhelgisgæslunnar safninu sumarið 1978. Timothy Severin leiðangursstjóri á Brendan gaf þeim þessa gripi í þakklætisskyni á meðan báturinn var í vörslu Landhelgisgæslunnar.




Siglingaleið BRENDANS, - frá Crosshaven á Írlandi til Nýfundnalands. Númerin sýna viðkomustaði bátsins.

**Passage from myth to reality** follows the red-line track of modern *Brendan*, on a map that also depicts incidents from the medieval text of the *Voyage of Saint Brendan*. The logic of prevailing winds and currents dictated a stepping-stone course across the North Atlantic to what may have been the "Land Promised to the Saints," the goal of the Irish abbot and his monks. The re-creation of the saga began at Crosshaven (1), where *Brendan* was launched prior to departure May 17, 1976, from Brandon Creek (2). Coasting north along Ireland and Scotland, *Brendan* stopped at the Aran Islands (3), an outpost of Irish monasticism, Iona (4), and the Isle of Lewis (5). In both fauna and geography, Streymoy (6) and Mykines (7) in the Faeroes resemble the legend's "Island of Sheep" and "Paradise of Birds." The "Island of Smiths," with its rain of flaming rocks, could be Iceland (8), where *Brendan* wintered over. On the final leg, the vessel passed an iceberg, recorded in the legend as a "Crystal Column," and sailed into a "Thick White Cloud." On June 26, 1977, parting company with whales like Jasconius of the *Voyage*, *Brendan* lands at Newfoundland (9), certainly like a Promised Land to the author and his sea-weary crew.



SKÝRINGARMYND

1. Bátsskrokkurinn úr 49 nautshúðum
2. Hlífðarsegl
3. Leðursegl
4. Grind úr aski
5. Vatn og vistir
6. Loftskeytatæki, sjókort o.fl.
7. Kjölur eða hléborð, - sett niður þegar minnka þarf drift
8. Björgunarbátur á skýlisþaki
9. Skýli fyrir þrjá. Aukaskýli fyrir 2 að framan
10. Eldunaraðstaða
11. Loftnet
12. Flotholt, undir segli
13. Stýrisár
14. Eikarkjölur til styrktar við lendingu

1 Hull of 49 oxhides, a quarter-inch thick, reinforced at bow (four layers) and stern (two layers).
2 Tarpaulin, in sections, to keep seas out.
3 Sails of leather became waterlogged, and were replaced by a set woven of Irish flax.
4 Wickerlike skeleton of ash laths, secured by 1,600 lashings. Hull covering is stretched over frame but attached only to oak gunwales.
5 Water and stores, which also served as ballast.
6 Radio gear, charts, miscellaneous equipment.
7 Leeboard, lowered to reduce leeway when sailing on a reach.
8 Framed cabin top supports life raft and solar-cell panels for recharging batteries.
9 Cabin accommodating three, with space for two more in the bow.
10 Cooking box with kerosine stove.
11 Radio antenna.
12 Buoyancy blocks under tarpaulin. Some blocks were jettisoned to add storage; spare oxhides were rigged to protect cockpit in gales.
13 Rudder, or steering oar, leads by stout shaft to a yoke on the starboard quarter.
14 Oak skid for beaching.



Einn leiðangursmanna, Færeyingurinn Trondur Patursson, aflar skipverjum fæðu á siglingunni um Atlandshafið.



Teikning úr írsku handriti (Navigatio Sancti Brendani Abbatis) frá 15. öld, þar sem segir frá ferð heilags Brendans og samskiptum hans við hvalinn Jasconius.

**Medieval best-seller,** the *Voyage of Saint Brendan the Abbot* recounts the saga of the cleric and his Irish monks as they sail into the unknown Atlantic sometime before A.D. 600. Here in a fancifully illustrated manuscript version of the 1400's, their boat rides on a placid whale called Jasconius, shown with fishlike scales. The mammoth creature "picked up the vessel as if he wanted to lift it into the air, then lowered it again as if he might drag it to the bottom of the sea." COURTESY LIBRARY OF THE UNIVERSITY OF HEIDELBERG